

# Reglugerð KSÍ

## um umboðsmenn í knattspyrnu

### 1. gr.

#### *Skilgreiningar*

Í reglugerð þessari þýðir:

1. FIFA: Alþjóðaknattspyrnusambandið.
2. Félag: Aðildarfélag (rekstrarfélag) KSÍ eða annars knattspyrnusambands.
3. Umboðssamningur: Samningur milli umboðsmanns og leikmanns eða félags um að koma fram fyrir hönd leikmanns eða félags sem umboðsmaður.
4. Yfirlýsing umboðsmanns: Yfirlýsing, skv. viðauka 1 eða 2 við reglugerð þessa sem undirrituð er af umboðsmanni eða fulltrúa umboðsmanns.
5. Umboðsmaður í knattspyrnu: Einstaklingur eða lögaðili sem, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, kemur fram fyrir hönd leikmanna og/eða félaga í viðræðum í því augnamiði að gera leikmannssamning eða kemur fram fyrir hönd félaga í viðræðum í því augnamiði að gera samning um félagaskipti. Orðið umboðsmaður í reglugerð þessari merkir umboðsmaður í knattspyrnu.
6. Álfusamband: Samtök knattspyrnusambanda í tiltekinni heimsálfu sem eru aðilar að FIFA, svo sem Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA).

### 2. grein

#### *Meginreglur*

1. Leikmönnum og félögum er heimilt að notfæra sér þjónustu umboðsmanna þegar gerðir eru leikmannssamningar og/eða félagaskiptasamningar.
2. Þegar umboðsmenn eru valdir og þjónusta þeirra nýtt ber leikmönnum og félögum að sýna af sér tilhlýðilega kostgæfni. Í þessu samhengi felur tilhlýðileg kostgæfni í sér að leikmenn og félög skuli leitast við að tryggja að umboðsmennirnir skrifi undir viðeigandi yfirlýsingu umboðsmanna sem og samning við umboðsmann sem aðilarnir tveir gera með sér.
3. Þegar umboðsmaður kemur að viðskiptum skal skrá hann samkvæmt 3. gr. reglugerðar þessarar.
4. Stjórnarmaður, nefndarmaður, dómari, aðstoðardómari, þjálfari eða aðrir þeir sem starfa við tæknileg málefni, læknisfræðileg málefni og stjórnun innan FIFA, álfusamtaka, knattspyrnusambanda, deildarsamtaka og félaga, sem og allir þeir sem heyra undir lög FIFA, geta ekki verið umboðsmenn.
5. Það sem fram kemur í þessari reglugerð hefur ekki áhrif á lögmæti (e. validity) leikmannssamnings eða félagaskipta.

### 3. grein

#### *Skráning umboðsmanna*

1. KSÍ skal halda skrá um umboðsmenn eins og nánar kemur fram í þessari reglugerð. Stjórn KSÍ eða framkvæmdastjóri KSÍ getur sett frekari fyrirmæli eða leiðbeiningar varðandi skráningu. Árgjald umboðsmanna sem skráðir eru hjá KSÍ skal vera kr. 100.000,-.
2. Leikmenn og félag, sem nota umboðsmenn, skulu skila til KSÍ Yfirlýsingu umboðsmanns, skv. 3. - 5. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Að beiðni KSÍ ber leikmanni og félagi skylda til að leggja fram frekari gögn, s.s. til stuðnings hæfis umboðsmanns.
3. Þegar leikmaður, með aðstoð umboðsmanns, gerir leikmannssamning við aðildarfélag KSÍ skal hann senda KSÍ Yfirlýsingu umboðsmanns sem aðstoðaði hann við samningsgerðina. Yfirlýsing umboðsmanns skal einnig send KSÍ þegar leikmenn með aðstoð umboðsmanns og félag endursemja, hvort sem um breytingu er að ræða frá gildandi samningi eða gerður er nýr samningur.
4. a) Þegar aðildarfélag KSÍ gerir leikmannssamning eða semur um félagaskipti úr eða í félagið, skal það senda KSÍ Yfirlýsingu umboðsmanns sem aðstoðaði aðildarfélagið við gerninginn.  
b) Þegar aðildarfélag KSÍ semur um félagaskipti leikmanns til erlends félags skal íslenska félagið leggja fram Yfirlýsingu umboðsmanns sem aðstoðaði aðildarfélagið við félagaskiptin sem og þau viðbótargögn sem erlenda knattspyrnusambandið óskar eftir.  
c) Þegar erlent félag semur um félagaskipti leikmanns frá aðildarfélagi KSÍ skal erlenda félagið senda til KSÍ Yfirlýsingu umboðsmanns sem aðstoðaði það við félagaskiptin.
5. Yfirlýsing umboðsmanns og gögn sem óskað er eftir skv. 3. og 4. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar verður að leggja fram í sérhverju tilfelli þegar leikmannssamningur er gerður eða samið er um félagaskipti. Innan KSÍ má hins vegar vísa til Yfirlýsingar umboðsmanns ef hún hefur verið lögð fram innan árs frá því að gerningurinn átti sér stað.

### 4. grein

#### *Skilyrði fyrir skráningu*

KSÍ skal skv. skilyrðum í 2. - 5. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar halda skrá um umboðsmenn, sem hafa óflekkað mannorð.

1. Sé hlutaðeigandi umboðsmaður lögaðili þurfa allir þeir sem koma fram fyrir hönd lögaðilans í tilteknum gerningi að hafa óflekkað mannorð.
2. Það er krafa fyrir skráningu að umboðsmaður hafi ekki við störf sín samningsbundna tengingu við knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusamtök eða FIFA sem leitt geta til mögulegra hagsmunaárekstra. Við störf sín er umboðsmönnum óheimilt að gefa í skyn, með beinum eða óbeinum hætti, að slík samningsbundin tenging sé til staðar.
3. Hafi KSÍ fengið undirritaða Yfirlýsingu umboðsmanns, samkvæmt Viðauka 1 eða 2 með reglugerð þessari er litið svo á að það hafi uppfyllt skyldur sínar fyrir skráningu nema annað komi fram.
4. Þegar skráning umboðsmanns fer fram skal afhenda KSÍ umboðssamning.

## 5. grein

### *Umboðssamningur*

1. Félög og leikmenn skulu tilgreina í skriflegum umboðssamningi hvers eðlis samband þeirra er við umboðsmenn, t.d. hvort störf viðkomandi umboðsmanns felist í þjónustu, ráðgjöf vegna leikmannssamnings eða félagaskipta, eða hvers kyns lagalegu sambandi öðru.
2. Áður en umboðsmaður hefur störf skulu helstu atriði lagalegs sambands á milli leikmanns og/eða félags og viðkomandi umboðsmanns vera skráð skriflega. Í umboðssamningi þurfa að lágmarki eftirfarandi upplýsingar að koma fram: nöfn aðila, umfang þjónustunnar, tímalengd hins lagalega sambands, þóknun til umboðsmanns, almennir greiðsluskilmálar, dagsetning samnings, riftunarákvæði og undirskriftir aðila. Sé leikmaðurinn ólögráða skal lögráðamaður/-menn leikmannsins einnig undirrita umboðssamninginn.

## 6. grein

### *Birting og útgáfa*

1. Leikmenn og/eða félög sem skila Yfirlýsingu umboðsmanns, skv. 3. - 5. mgr. 3. gr. skulu veita KSÍ nákvæmar upplýsingar um allar umsamar þóknarir, hvers eðlis sem þær kunna að vera, sem hafa verið eða munu vera inntar af hendi til umboðsmanns. Sé þess óskað skulu leikmenn og/eða félög enn fremur birta, svo nota megi í rannsóknarskyni, til þess bærum fulltrúum knattspyrnusambanda, deildarsamtaka, álfusamtaka og FIFA alla samninga, samkomulög og skrár vegna umboðsmanns í tengslum við störf er tengjast þessum ákvæðum, að undanskildum umboðssamningnum, en birting hans er skylda samkvæmt 5. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Leikmenn og/eða félög skulu tryggja í umboðssamningi við umboðsmann að engar hindranir séu í vegi þess að birta megi ofangreindar upplýsingar og skjöl.
2. Umboðssamningur skal fylgja þegar samið er um félagaskipti eða leikmannssamning eftir því sem við á, við skráningu leikmannsins. Félög eða leikmenn skulu tryggja að sérhver félagaskiptasamkomulag eða leikmannssamningur sem gerður er með aðkomu umboðsmanns beri nafn og undirskrift viðkomandi umboðsmanns. Hafi leikmaður og/eða félag ekki notfært sér þjónustu umboðsmanns í samningaviðræðum skal það koma fram í viðeigandi gögnum sem lögð eru fram.
3. Í lok marsmánaðar á hverju almanaksári birtir KSÍ opinberlega á heimasíðu sinni, nöfn allra umboðsmanna sem þau hafa skráð ásamt þeim gerningum sem þeir hafa komið að. Enn fremur skulu sambönd birta heildarupphæð allra þóknana eða greiðslna sem raunverulega hafa verið inntar af hendi til umboðsmanna af hálfu skráðra leikmanna og af hálfu hvers félags sem þeir tengjast. Tölurnar sem birta skal eru samanlögð heildarupphæð fyrir alla leikmenn og samanlögð heildarupphæð hvers félags.
4. Einnig getur KSÍ veitt skráðum leikmönnum sínum og aðildarfélögum allar upplýsingar sem tengjast gerningum sem hafa reynst brjóta í bága við reglur KSÍ og þessi ákvæði og skipta máli fyrir viðkomandi tilvik.

## 7. grein

### *Greiðslur til umboðsmanna*

1. Reikna skal upphæð þóknunar til umboðsmanns sem aðstoðar leikmann út frá heildartekjum leikmannsins út samningstímann.
2. Félög sem nýta sér þjónustu umboðsmanns skulu greiða honum í einu lagi upphæð sem samið er um áður en viðkomandi samningur er gerður. Semjist aðilum svo um má greiða slíka greiðslu með afborgunum.
3. Leikmönnum og félögum er ráðlagt að setja sér eftirfarandi viðmið varðandi þóknun til umboðsmanns:
  - a) Þóknun til umboðsmanns sem aðstoðar leikmann ætti ekki fara yfir þrjú prósent (3%) af heildartekjum leikmannsins út samningstíma viðkomandi leikmannssamnings.
  - b) Þóknun til umboðsmanns sem aðstoðar félag við að gera samning við leikmann ætti ekki fara yfir þrjú prósent (3%) af heildartekjum leikmannsins út samningstíma viðkomandi leikmannssamnings.
  - c) Þóknun til umboðsmanns sem aðstoðar félag við félagaskipti leikmanns ætti ekki fara yfir þrjú prósent (3%) af félagaskiptaupphæðinni.
4. Félagaskiptabætur, s.s. uppeldis - og samstöðubætur, eða aðrar bætur sem greiðast frá einu félagi til annars við félagaskipti skulu ekki greiddar til umboðsmanna eða af umboðsmönnum. Þetta felur í sér, en takmarkast ekki við, að umboðsmaður getur ekki átt hlut í félagaskiptabótum eða framtíðarfélagaskiptabótum leikmanns. Sömuleiðis er framsal á kröfum til umboðsmanns óleyfilegt.
5. Samkvæmt 6. og 8. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar skal sérhver greiðsla fyrir störf umboðsmanns einungis innt af hendi af hálfu þess sem umboðsmaðurinn aðstoðar.
6. Þegar viðkomandi gerningi er lokið, og að því gefnu að félagið fallist á það, getur leikmaður veitt félaginu skriflegt leyfi til að greiða umboðsmanni fyrir sína hönd. Greiðslan sem innt er af hendi fyrir hönd leikmannsins skal vera í samræmi við þá greiðsluskilmála sem leikmaðurinn og umboðsmaðurinn hafa samið um.
7. Stjórnarmanni, nefndarmanni, dómara, aðstoðardómara, þjálfara eða öðrum þeim sem starfa við tæknileg málefni, læknisfræðileg málefni og stjórnun innan FIFA, álfusamtaka, knattspyrnusambanda, deildarsamtaka og félaga, sem og öllum þeim sem heyra undir lög FIFA, er óheimilt að taka við nokkurri greiðslu frá umboðsmanni upp á allt eða hluta þeirra gjalda sem umboðsmanni eru greidd.
8. Leikmönnum og félögum sem nýta sér störf umboðsmann við gerð leikmannssamnings og/eða félagaskiptasamkomulags er ekki heimilt að inna af hendi nokkrar greiðslur til slíks umboðsmann ef leikmaðurinn sem í hlut á er ekki orðinn 18 ára.

## 8. grein

### *Hagsmunaárekstrar*

1. Áður en leikmenn og félög nýta sér störf umboðsmann skulu þau kappkosta að tryggja að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar eða séu líklegir til að koma upp, hvorki fyrir leikmenn, félög né umboðsmenn.

- Ekki er litið svo á að um hagsmunaárekstur sé að ræða ef umboðsmaður upplýsir skriflega um alla fyrirbyggjandi eða hugsanlega hagsmunaárekstra hans við einhvern hinna aðilanna sem hlut eiga að máli, í tengslum við viðskipti, umboðssamning eða sameiginlega hagsmuni, og ef hann fær skriflegt samþykki allra annarra hlutaðeigandi aðila áður en viðkomandi viðræður hefjast.
- Vilji leikmaður og félag nýta sér þjónustu sama umboðsmann við sömu viðskipti, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 2. mgr., skulu leikmaðurinn og félagið sem í hlut eiga leggja fram skriflegt samþykki áður en viðkomandi viðræður hefjast, ásamt því að staðfesta skriflega hvaða aðili (leikmaðurinn og/eða félagið) muni greiða þóknun viðkomandi umboðsmanns. Aðilar skulu upplýsa viðeigandi samband um alla slíka samninga og skila inn öllum ofangreindum skriflegum gögnum í skráningarferlinu (sbr. gr. 3 og 4 hér fyrir ofan).

## 9. grein

### *Viðurlög*

- Viðurlög við brotum á reglugerð þessari innan vébanda KSÍ geta verið eftirfarandi og skal það vera í höndum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að fjalla um þau:
  - aðvörðun,
  - áminning,
  - sekt,
  - réttindamissir tímabundið,
  - réttindamissir.
- Beita má fleiri en einni refsingu saman og skal upplýsa FIFA um öll viðurlög sem umboðsmaður er beittur.
- Áfrýja má úrskurði aga- og úrskurðarnefndar til áfrýjunardómstóls KSÍ.

## 10. grein

### *Gildistaka*

- Reglugerð þessi tók gildi 1. apríl 2015.
- Ef ákvæði í reglugerð þessari ganga gegn skylduákvæðum í reglum FIFA um milliliði gilda reglur FIFA.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 19. október 2017.*

**Viðauki 1 – Yfirlýsing umboðsmanns í knattspyrnu fyrir einstakling**

**Viðauki 2 – Yfirlýsing umboðsmanns í knattspyrnu fyrir lögaðila**

## Viðauki 1

### Yfirlýsing umboðsmanns í knattspyrnu fyrir einstaklinga

Nafn

Fæðingardagur

Þjóðerni

Lögheimili

Símanúmer

Faxnúmer

Netfang

Ég, \_\_\_\_\_

(Nafn umboðsmanns)

#### LÝSI EFTIRFARANDI HÉR MEÐ YFIR:

1. Ég heiti því að virða og hlíta öllum lögboðnum ákvæðum viðeigandi landslaga og alþjóðlegra laga, einkum þeirra er tengjast atvinnumiðlun, í störfum mínum sem umboðsmaður. Enn fremur samþykki ég að hlíta lögum og reglugerðum knattspyrnusambanda og álfusambanda sem og lögum og reglugerðum FIFA við störf mín sem umboðsmaður.
2. Ég lýsi því yfir að ég gegni ekki stöðu stjórnarmanns, nefndarmanns, dómara, aðstoðardómara, þjálfara eða stöðu við tæknileg málefni, læknisfræðileg málefni og stjórnun innan FIFA, álfusamtaka, knattspyrnusambanda, deildarsamtaka og félaga og að ég muni ekki gegna slíkri stöðu í fyrirsjáanlegri framtíð.
3. Ég lýsi því yfir að ég hef óflekkað mannorð og einkum staðfesti ég að ég hef ekki hlotið dóm fyrir auðgunar- eða ofbeldisbrot.
4. Ég lýsi því yfir að ég hef engin samningsbundin tengsl við knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA sem haft gætu í för með sér hugsanlegan hagsmunaárekstur. Ríki óvissa skal upplýsa um alla viðeigandi samninga. Ég viðurkenni einnig að við störf mín sem umboðsmaður er mér ekki leyfilegt að gefa í skyn, með beinum eða óbeinum hætti, að slík samningsbundin tenging við knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA sé til staðar.
5. Ég lýsi því yfir, í samræmi við 4. mgr. í 7. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu, að ég mun ekki taka við nokkurri greiðslu sem félag skal inna af hendi til annars félags vegna félagaskipta, s.s. félagaskiptabótum, uppeldisbótum eða samstöðubótum.

6. Ég lýsi því yfir, í samræmi við 8. mgr. í 7. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu, að ég mun ekki taka við nokkurri greiðslu frá neinum aðila ef leikmaðurinn sem í hlut á er ekki orðinn 18 ára.
7. Ég lýsi því yfir að ég mun ekki taka þátt í, hvorki beint né óbeint, né heldur tengjast með öðrum hætti veðmálum, fjárhættuspilum, happdrættum og öðrum slíkum atburðum eða viðskiptum sem tengjast knattspyrnuleikjum. Ég viðurkenni að mér er óheimilt að vera hluteigandi, hvort sem er virkur eða óvirkur, í félögum, fyrirtækjum, stofnunum o.s.frv. sem kunna að hafa milligöngu um, halda eða stjórna slíkum atburðum eða viðskiptum.
8. Í samræmi við 1. mgr. í 6. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég að KSÍ fái í hendur allar upplýsingar um allar greiðslur, hvers eðlis sem þær eru, sem félag eða leikmaður innir af hendi til mín fyrir þjónustu mína sem umboðsmaður.
9. Í samræmi við 1. mgr. í 6. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég að ef þess gerist þörf fái knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA í hendur alla samninga, samkomulög og skrár í tengslum við störf mín sem umboðsmaður, til notkunar í rannsóknarskyni. Jafnframt samþykki ég að ofangreindir aðilar fái einnig í hendur öll önnur viðeigandi gögn frá öllum öðrum aðilum sem veita ráðgjöf, stuðla að eða taka virkan þátt í þeim viðræðum sem ég ber ábyrgð á.
10. Í samræmi við 3. mgr. 6. greinar reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnusamþykki ég að KSÍ geymi og vinni úr öllum gögnum í útgáfuskyni.
11. Í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar FIFA um milliliði samþykki ég að knattspyrnusambandið sem í hlut á birti upplýsingar um öll viðurlög sem ég kann að vera beitt(ur) og upplýsi FIFA um þau.
12. Ég er að fullu meðvitaður/meðvituð um og samþykki að yfirlýsing þessi verði aðgengileg til þess bærur aðilum hlutaðeigandi knattspyrnusambanda.
13. Athugasemdir sem skipt geta máli:

---

Yfirlýsing þessi er gerð í góðri trú á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem ég hef aðgang að og samþykki að hlutaðeigandi sambandi sé heimilt að gera þær athuganir sem nauðsynlegar kunna að reynast til að sannreyna upplýsingar þær sem fram koma í yfirlýsingunni. Ég samþykki einnig að tilkynna KSÍ um það umsvifalaust ef einhverjar breytingar verða á ofangreindum upplýsingum eftir að yfirlýsingin hefur verið lögð fram.

---

(Staður og dagsetning)

---

(Undirskrift)

## Viðauki 2

### Yfirlýsing umboðsmanns í knattspyrnu fyrir lögaðila

Heiti fyrirtækis (lögaðila)

Heimilisfang fyrirtækis

Símanúmer

Faxnúmer

Netfang

Hér eftir nefnt „fyrirtækið“.

Nafn löglegs samningsaðila fyrir hönd ofangreinds fyrirtækis (lögaðila):

(Ath.: hver einstaklingur sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins þarf að fylla út sérstaka Yfirlýsingu umboðsmanns í knattspyrnu).

Ég, \_\_\_\_\_

(Nafn fulltrúa fyrir hönd lögaðila) löglegur samningsaðili fyrir hönd fyrirtækisins:

#### LÝSI EFTIRFARANDI HÉR MEÐ YFIR:

1. Ég heiti því að bæði fyrirtækið sem ég er fulltrúi fyrir og ég munum virða og hlíta öllum lögboðnum ákvæðum viðeigandi landslaga og alþjóðlegra laga, einkum þeirra er tengjast atvinnumiðlun, í störfum mínum sem umboðsmaður. Enn fremur samþykki ég að hlíta lögum og reglugerðum knattspyrnusambanda og álfusambanda sem og lögum og reglugerðum FIFA við störf mín sem umboðsmaður.
2. Ég lýsi því yfir að ég gegni ekki stöðu stjórnarmanns, nefndarmanns, dómara, aðstoðardómara, þjálfara eða stöðu við tæknileg málefni, læknisfræðileg málefni og stjórnun innan FIFA, álfusamtaka, knattspyrnusambanda, deildarsamtaka og félaga og að ég muni ekki gegna slíkri stöðu í fyrirsjáanlegri framtíð.
3. Ég lýsi því yfir að ég hef óflekkað mannorð og einkum staðfesti ég að ég hef ekki hlotið dóm fyrir auðgunar- eða ofbeldisbrot.
4. Ég lýsi því yfir að hvorki ég né fyrirtækið sem ég er fulltrúi fyrir hafa samningsbundin tengsl við knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA sem haft gætu í för með sér hugsanlegan hagsmunaárekstur. Ríki óvissa skal upplýsa um alla viðeigandi samninga. Ég viðurkenni einnig að við



störf mín sem umboðsmaður er viðkomandi fyrirtæki ekki leyfilegt að gefa í skyn, með beinum eða óbeinum hætti, að slík sammingsbundin tenging við knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA sé til staðar.

5. Ég lýsi því yfir, í samræmi við 4. mgr. í 7. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu, að hvorki fyrirtækið sem ég er fulltrúi fyrir né ég mun taka við nokkurri greiðslu sem félag skal inna af hendi til annars félags vegna félagaskipta, s.s. félagaskiptabótum, uppeldisbótum eða samstöðubótum.

6. Ég lýsi því yfir, í samræmi við 8. mgr. í 7. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu, að hvorki fyrirtækið sem ég er fulltrúi fyrir né ég mun taka við nokkurri greiðslu frá neinum aðila ef leikmaðurinn sem í hlut á er ekki orðin 18 ára.

7. Ég lýsi því yfir að hvorki fyrirtækið sem ég er fulltrúi fyrir né ég mun taka þátt í, hvorki beint né óbeint, né heldur tengjast með öðrum hætti veðmálum, fjárhættuspilum, happdrættum og öðrum slíkum atburðum eða viðskiptum sem tengjast knattspyrnuleikjum. Ég viðurkenni að bæði fyrirtækinu sem ég er fulltrúi fyrir og mér er óheimilt að vera hluteigandi, hvort sem er virkur eða óvirkur, í félögum, fyrirtækjum, stofnunum o.s.frv. sem kunna að hafa milligöngu um, halda eða stjórna slíkum atburðum eða viðskiptum.

8. Í samræmi við 1. mgr. í 6. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég fyrir hönd fyrirtækisins að KSÍ fái í hendur allar upplýsingar um allar greiðslur, hvers eðlis sem þær eru, sem félag eða leikmaður innir af hendi til fyrirtækisins fyrir þjónustu mína sem umboðsmaður.

9. Í samræmi við 1. mgr. í 6. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég fyrir hönd fyrirtækisins að ef þess gerist þörf fái knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA í hendur alla samninga, samkomulög og skrár í tengslum við störf mín sem umboðsmaður, til notkunar í rannsóknarskyni. Jafnframt samþykki ég fyrir hönd fyrirtækisins að ofangreindir aðilar fái einnig í hendur öll önnur viðeigandi gögn frá öllum öðrum aðilum sem veita ráðgjöf, stuðla að eða taka virkan þátt í þeim viðræðum sem fyrirtækið ber ábyrgð á.

10. Í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég fyrir hönd fyrirtækisins að KSÍ geymi og vinni úr öllum gögnum í útgáfuskyni.

11. Í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar FIFA um milliliði samþykki ég fyrir hönd fyrirtækisins að knattspyrnusambandið sem í hlut á birti upplýsingar um öll viðurlög sem fyrirtækið kann að vera beitt og upplýsi FIFA um þau.

12. Ég er að fullu meðvitaður/meðvituð um og samþykki að yfirlýsing þessi verði aðgengileg til þess bærur aðilum hlutaðeigandi knattspyrnusambanda.

13. Athugasemdir sem skipt geta máli:

---

október 2017

Yfirlýsing þessi er gerð í góðri trú á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem ég hef aðgang að og samþykki að hlutaðeigandi sambandi sé heimilt að gera þær athuganir sem nauðsynlegar kunna að reynast til að sannreyna upplýsingar þær sem fram koma í yfirlýsingunni. Ég samþykki einnig að tilkynna KSÍ um það umsvifalaust ef einhverjar breytingar verða á ofangreindum upplýsingum eftir að yfirlýsingin hefur verið lögð fram.

---

(Staður og dagsetning)

---

(Undirskrift)